

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík, 22. desember 2023
UST202312-157/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga- Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 - Árnes, þéttbýli

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 15. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Skeiða - og Gnúpverjahrepps 2017-2029 fyrir þéttbýli Árness.

Í greinargerð kemur fram að ýmsar hugmyndir eru um breytt fyrirkomulag í Árnesi vegna þess að það er mikil þörf fyrir íbúðarhúsnæði

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að sett er inn miðsvæði (M1) í staðin fyrir stofnanir S3 og S4, verslun- og þjónustu VP11 og VP 12, afþreyingar- og ferðamannasvæði AF5 er fellt út, heimilt er að vera með tjaldsvæði á miðsvæði, íþróttasvæði ÍB1 er fellt út og verður hluti af miðsvæði (M1). Auk þess segir að ný íbúðarbyggð, ÍB11 verður á Reykjanesi og opið svæði OP2 minnkar, íbúðarbyggð við Bugðugerði, Hamragerði og Heiðargerði er sameinuð í eitt svæði í stað tveggja og verslunar- og þjónustusvæði (VP14) og landbúnaðarsvæði sameinast íbúðarbyggðinni við Traðir.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun sem er að öllu leyti hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Í greinargerð segir að Árnes, líkt og stór hluti sveitarfélagsins, sé á Þjórsárhrauni, en ekki sést í hraun á yfirborði, en hraun kemur til með að raskast við allar framkvæmdir.

Umhverfisstofnun telur ofangreint vera óljóst um hvort að rask verði á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, samanber viðmið í töflu 15.

Loftslagsmál

Í greinargerð er vitnað í landsskipulagsstefnu þar sem fjallað er um loftslagsvænar samgöngur og mannvirkjagerð. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé

nánar um umhverfisþætti tillögunnar á loftslag, eins og rask á jarðvegi og um áhrif tillögunnar á loftslag.

Auk þess segir að ný íbúðarbyggð nýtist t.d. fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu sem þarf þá ekki að aka langa vegalengd til og frá vinnu. Umhverfisstofnun bendir á að ákveðið hlutfall starfsmenn/íbúar þurfa að aka 40-60 km á degi hverjum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess fjallað sé um hvort að starfsfólk fari með almenningssamgöngum til og frá vinnu.

Umhverfisstofnun vill einnig vekja athygli á að fjalla þarf um áhrif á loftgæði og loftslagsmál vegna aukinnar umferð vegna aksturs íbúa til og frá vinnu og fjölgunar ferðamanna.

Göngu- og hjólaleiðir

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilgreindir séu hjóla- og gönguleiðir á þéttbýlisupprátt, milli og innan opinna svæða, ekki bara reiðleiðir og vegir.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir hreinsivirki í ört stækkandi þéttbýli. Auk þess er mikilvægt að það komi fram að hreinsun fráveitu verði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólþ.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir

sérfræðingur